

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 420/2003, um mönnunarnefnd skipa.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðanna „19. og 20. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 6. og 7. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 13. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum.
- c. Í stað orðsins „Siglingastofnun Íslands“ í 2. mgr. kemur: Samgöngustofa.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Formaður sér um að úrskurðir séu kynntir málsaðilum, ráðuneytinu, Samgöngustofu og öðrum þeim sem ástæða þykir til.
- b. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 3. mgr. kemur: ráðuneytisins.

#### 3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 4. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2014.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*